

Mál nr. 242/2017
M og
Tryggingamiðstöðin hf. (V) v. ábyrgðartryggingar fjölskyldutryggingar.

Kona datt um snúrur á dansgólfi í einkasamkvæmi og slasaðist 25.6.2016.

Gögn.

1. Málskot móttakið 25.7.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-5
2. Bréf V dags. 3.8.2017
3. Bréf lögmanns M dags. 16.8.2017.

Málsatvik.

M var í einkasamkvæmi og var að dansa ásamt hópi fólks á dansgólfi þegar hún tók skref aftur á bak og flækti fætuna í snúru sem lá á dansgólfinu og tengd var hljóðkerfi hússins. M telur að snúran hafi verið á röngum stað. M gerir kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu fjölskyldutryggingar veisluhaldara og byggir á því að hætta hafi stafað af snúrunni sem M flæktist í og rík athafnaskylda hvíli á veislustjórnendum og bregðist við hættueiginleikum. M segir að váttryggðir hafi sýnt af sér gáleysi og verði því að bera ábyrgð á tjóni hennar.

V hafnar bótaskyldu og segir að það hafi ekki átt að fara framhjá veislugestum, sem hafi um kvöldið hlustað á ræður og skemmtiatriði, að í veislusalnum væri var hljóðkerfi með snúru. Þá segir V að váttryggðir hafi ekki verið með snúrurnar á dansgólfinu þegar þau hafi sett upp sviðið og hefðu ekki haft vitneskju um að snúran hefði færst út á gólf eftir ræðuhöld kvöldsins. V segir að slysið hafi verið óhappatilvik og verði ekki rakið til atvika sem að váttryggðir beri ábyrgð á.

Álit.

M var gestur í einkasamkvæmi í umrætt sinn. Við mat á háttsemi þeirra sem halda slík samkvæmi verður að líta svo á að sakarmat sé fremur vægt og er þar vísað til fræðiskrifa í skaðabótarétti um þær aðstæður sem uppi eru við sambærileg tjón sem oft eru kölluð „gæstebudskader“. M féll um snúrur sem tengdu hljóðkerfi sem notað hafði verið fyrir í samkvæminu og síðan þegar dans hófst þá virðist sem snúrur hafi færst á dansgólfið. Ekkert liggur fyrir í málinu um það að váttryggðum hafi mátt vera ljóst að snúrurnar hafi færst á dansgólfið og verður þegar af þeirri ástæðu ekki lögð sök á þá vegna þess tjóns sem M varð fyrir í umrætt sinn. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík 12.9. 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.